



IDAN
fræðslusetur

2016 - 2017

ÁRSSKÝRSLA



Efnisyfirlit

Inngangur	3
IÐAN fræðslusetur	4
Stjórn IÐUNNAR	6
Helstu verkefni stjórnar	7
Endurskoðun á stefnu IÐUNNAR	8
Markaðs- og kynningarmál	9
IÐAN í tölum	10
Nýjungar í fræðslustarfi	16
Símenntun	20
Náms- og starfsráðgjöf	22
Sveinspróf	24
Námssamningar	25
Próunarverkefni	26
Vinnustaðanámssjóður	29
EuroSkills 2016	30

Helga Björg Hallgrímsdóttir
Fræðslufulltrúi

Kristján Kristjánsson - Sviðs-
stjóri málm- og véltækisviðs

Hilmar Brjánn Sigurðsson
Verkefnastjóri

Ingi Rafn Ólafsson - Sviðsstjóri
prent- og miðlunarsviðs

Hildur Elin Vignir
Framkvæmdastjóri

Ólafur Jónsson - Sviðsstjóri
matvæla- og veitingasviðs

Inga Birna Antonisdóttir
Fræðslufulltrúi

Steinunn Guðjónsdóttir
Verkefnastjóri

Valdís Axfjörd
Fræðslufulltrúi / innheimta

Helen Williamsdóttir Gray
Próunarstjóri

Gústaf Adolf Hjaltason
Verkefnastjóri



Inngangur

Enn einum kaflanum í sögu IDUNNAR fræðsluseturs er nú lokið og óhætt að segja að viðburðaríkt starfsár sé að baki.

Vinna við nýjan vef IDUNNAR og nýtt umsýslu- og bókunarkerfi námskeiða bar hátt á starfsárinu enda um umfangsmikið verkefni að ræða. Nýjum vef var hleypt af stokkunum sumarið 2017 samhliða því sem nýja bókunarkerfið, sem er kallað Náman, var tekið í notkun. Vefurinn boðar byltingu í aðgengi að námi og allri umsýslu með námskeið.

Á starfsárinu var sett af stað vinna við endurskoðun á námskeiðsframboði og innihaldi námskeiða auk þess sem hafin var vinna við að auka stafræna framsetningu á bæði námsefni og námskeiðum. Markmiðið með þessari vinnu er m.a. að efla fjarnám hjá IDUNNI og leggja grunninn að þróun á stafrænu námsefni.

IDAN fræðslusetur hlaut á starfsárinu aðalverðlaunin á alþjóðlegu VPL Biennale ráðstefnunni um raunfærnimat, sem haldin var í Árósum í Danmörku. Verðlaunin voru veitt fyrir framúrskarandi framkvæmd á raunfærnimati en verkefni frá sjö löndum hlutu tilnefningar. Lagði dómnefnd

aðaláherslu á ávinning raunfærnimats fyrir þátttakendur. Verðlaunin eru frábær viðurkenning fyrir starf undanfarinna ára og gott veganesti til framtíðar.

IDAN skrifaði undir samning um verkefnið fræðslustjóri að láni á starfsárinu og stýrði ráðgjafi frá RM ráðgjöf verkefninu, sem m.a. fól í sér þarfagreiningu á fræðslu og þjálfunarpörf hjá IDUNNI. IDAN hefur leitt ófá slík verkefni fyrir fyrirtæki innan sinna vébanda og því hollt og gott að reyna það á eigin skinni.

Frá miðju ári 2016 til miðs árs 2017 voru haldin 294 námskeið sem svipar mjög til síðasta starfsárs. Heildarföldi þátttakenda á starfsárinu var 2.611. Starfsmenn IDUNNAR eru 24.



Hildur Elín Vignir,
framkvæmdastjóri IDUNNAR



Erna G. Árnadóttir
Náms- og starfsráðgjafi

Vilborg Ásgeirsdóttir
Fjármálastjóri

Birgir Hólm
Verkefnastjóri

Harpa Maren Sigurgeirsdóttir
Náms- og starfsráðgjafi

Karítas Anna Vignir
Móttaka

Sigurður Fjaljar Jónsson
Markaðsstjóri

Edda Jóhannessdóttir
Náms- og starfsráðgjafi

Ólafur Ástgeirsson - Svíðsstjóri
bygginga- og mannvirkjasviðs

Sigurður Svavar Indriðason
Svíðsstjóri bilgreinasviðs


Rakel Steinvör Hallgrímsdóttir
Náms- og starfsráðgjafi

Þórey Thorlacius
Fjármálafulltrúi

Fjóla Hauksdóttir
Verkefnastjóri



*Með öflugri
símenntun móta
einstaklingar
starfsþróun sína eftir
kröfum atvinnulífsins
og með þeim hætti
verður þekking þeirra
verðmætari bæði
fyrir þá sjálfa og
samfélagið í heild.*



IÐAN fræðslusetur

IÐAN fræðslusetur er í fararbroddi í símenntun iðngreina, með fræðslu, miðlun og þjónustu sem stuðlar að framþróun í iðnaði.

IÐAN sinnir símenntun starfsmanna í bílgreinum, bygginga- og mannvirkjagreinum, málm- og véltæknigreinum, prent- og miðlunargreinum og matvæla- og veitingagreinum. Hlutverk IÐUNNAR er að sjá fyrirtækjum og einstaklingum fyrir nýrri þekkingu og færni eftir því sem þörf krefur.

Áhersla er lögð á að nýta tæknina á skilvirkan hátt og þróa námsleiðir sem mæta þörfum atvinnulífsins á hverjum tíma. IÐAN er ætíð reiðubúin til samstarfs með fyrirtækjum, stjórnvöldum og öðrum um framþróun í fræðslu og vel er fylgst með helstu straumum og stefnum.

Á vegum IÐUNNAR fer fram greining á þörfum fyrirtækja fyrir þekkingu. Þjálfun og þekkingu er miðlað með hliðsjón af því sem hentar aðstæðum og þörfum hvers og eins, hvort sem um er að ræða kennslu í skólastofu, þjálfun á vinnustað eða einstaklingsbundna leiðsögn. Með öflugri símenntun móta einstaklingar starfsþróun sína eftir kröfum atvinnulífsins og með þeim hætti verður þekking þeirra verðmætari bæði fyrir þá sjálfa og samfélagið í heild.

Gildi IÐUNNAR eru:

FRAMSÆKNI

Við erum í fararbroddi og höfum metnað til að tileinka okkur framsæknar nýjungar. Vísýni okkar og viðhorf endurspeglar áhuga á að nýta og miðla þekkingu.

VIRÐING

Við styðjum jafnrétti til náms og gætum trúnaðar í okkar störfum. Viðhorf okkar til hagsmunaaðila, verkefna, samstarfsfólks og samfélagsins einkennist af virðingu, jákvæðni, fordómaleysi og heiðarleika.

FAGMENNSKA

Við eflum okkar eigin þekkingu og færni af fagmennsku. Jákvæð upplifun viðskiptavina skiptir okkur meginmáli og þar berum við ábyrgð á að hafa jákvætt viðhorf að leiðarljósi.

Stjórn ákvað að endurskoða og uppfæra stefnumótun félagsins og leggja í þeirri vinnu áherslu á tengingu við gildi IÐUNNAR og aðgerðaráætlun til næstu ára



Stjórn IÐUNNAR

Aðalmenn í stjórn IÐUNNAR fræðsluseturs árið 2016-2017 voru: Guðmundur Ragnarsson VM, Jóhanna Klara Stefánsdóttir SI, Svanur Karl Grjetarsson MFH, Niels S. Olgeirsson Matvís, Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir SI, Hilmar Harðarson FIT/Samiðn, Georg Páll Skúlason GRAFÍA, Finnbjörn Hermannsson Samiðn, Eyjólfur Bjarnason SI, Atli Vilhjálmsson BGS.

Varamenn í stjórn voru: Friðrik Ólafsson SI, Bryndís Skúladóttir SI, Þorsteinn Gunnarsson Matvís, Ragnheiður Héðinsdóttir SI, Ólafur S. Magnússon FIT/Samiðn, Oddgeir Þór Gunnarsson GRAFÍA,

Jóhann R. Sigurðsson Samiðn, Heimir Kristinsson Samiðn, Þráinn Lárusson SAF og Özur Lárusson BGS.

Eignahlutar IÐUNNAR skiptast í níu hluta: Samtök iðnaðarins fara með 33%, Samiðn 14,7%, Bílgreinasambandið 10%, Grafía 10%, FIT 10%, MATVÍS 10%, Félag vélstjóra og málmæknimanna 5,3%, Samtök ferðaþjónustunnar 5% og Meistarafélag húsasmiða 2%.



Helstu verkefni stjórnar

Stjórn IDUNNAR hélt samtals sex fundi á starfsárinu. Helstu verkefni stjórnar voru eftirfarandi:

Rekstur IDUNNAR

Stjórn lagði mikla vinnu í gerð starfsreglna stjórnar sem samþykktar voru sem og ný starfskjarastefna fyrir félagið. Sérstök rekstrarnefnd stjórnar fór yfir ýmis innri skipulagsmál og rekstur félagsins og vann tillögur fyrir stjórn. Samþykkt var að breyta vinnulagi stjórnar sem fundar nú sex sinnum á ári en á milli funda vinnur fjögurra manna starfsnefnd stjórnar með framkvæmdastjóra og fjármálastjóra að verkefnum félagsins. Einnig var unnið að starfsreglum fyrir sviðsstjórnir og þar með fellt úr gildi plagg um stjórnarhætti IDUNNAR. Stjórn breytti skipuriti félagsins og skipaði sviðsstjórn fyrir starfsmenntasvið. Nýtt bókhaldskerfi var tekið upp á árinu og nýr fjármálastjóri ráðinn til félagsins. Stjórn samþykkti tillögu

rekstrarnefndar um að hefja vinnu við endurskoðun á skiptireglum félagsins á næsta fjárhagsári.

Stefnumótun IDUNNAR

Stjórn ákvað að endurskoða og uppfæra stefnumótun félagsins og leggja í þeirri vinnu áherslu á tengingu við gildi IDUNNAR og aðgerðaráætlun til næstu ára. Ráðgjafar frá Capacent stýrðu vinnunni. Niðurstöður stefnumótunarvinnunnar og markmið félagsins voru skilgreind með nánari hætti, ásamt aðgerðaráætlun til þess að koma stefnumiðum félagsins í framkvæmd. Tillögurnar gera auknar kröfur til símenntunar starfsmanna og eflingu tækni í starfsemi fyrirtækisins.

Fagháskóli

Stjórn félagsins samþykkti að taka þátt í uppbyggingu fagháskólastigins með því að leggja til fjármagn í þrjú verkefni af þeim fimm námsleiðum sem fyrirhugað er að skipuleggja á fagháskólastigi. Þessi verkefni eru iðnmeistaránám í bygginga- og mannvirkjagreinum ásamt faghluta námsins. Sem og skipulag fagháskólánáms fyrir bifvélavirka, vélstjóra og vélvirka. Umsókn fyrir fagháskólaverkefnið var samþykkt og verkefnastjóri var ráðinn til þess að fylgja verkefnum eftir. Vinna við skipulag og framkvæmd náms á fagháskólastigi er enn í vinnslu.

Endurskoðun á stefnu IÐUNNAR

Stefna IÐUNNAR var endurskoðuð á starfsárinu og stýrðu ráðgjafar frá Capacent því verkefni.

Hluti af stefnumótunarvinnunni fólst í einstaklingsviðtölum ráðgjafa Capacent við hluta stjórnar og einstaka sviðsstjóra. Fimmtudaginn 11. maí var svo blásið til allsherjar stefnudags þar sem saman komu stjórnarmenn og starfsfólk til að móta framtíðarsýn IÐUNNAR og tengja hana gildunum þremur. Unnið var með sviðsmynd úr framtíðinni og undir lok dags var til orðinn efniviður til að skilgreina áherslur næstu ára.

Unnið var síðan áfram með stefnumótunarvinnuna og markmið félagsins í fjórum liðum til ársins 2021.

Stefnt er að því að IÐAN fræðslusetur verði í fararbroddi í símenntun iðngreina, með fræðslu, miðlun og þjónustu sem stuðlar að framþróun í iðnaði. Það verður gert á eftirfarandi hátt samkvæmt endurskoðaðri stefnumótun:

Við nýtum
tæknina á
skilvirkan hátt

Þróum
námsleiðir
sem mæta
þörfum

Vekjum
athygli í góðu
samstarfi

Erum **ábyrg**
og skilum
traustum
rekstri

● Við nýtum tæknina á skilvirkan hátt

Við viljum sjá starfsemina þróast í krafti tækninnar. Þannig náum við til fleiri fyrirtækja og einstaklinga með okkar fræðslu, vinnum yfir landamæri faggreina og verðum fræðsluaðili sem er í fararbroddi.

● Þróum námsleiðir sem mæta þörfum

Við vitum að atvinnulífið kallar eftir fræðslu og þekkingu. Því ætlum við að vera skrefinu á undan og bjóða upp á snjallar lausnir sem mæta þörfum iðnaðarins á hverjum tíma.

● Vekjum athygli í góðu samstarfi

Við vekjum athygli með því að vera ætíð reiðubúin í samstarf með fyrirtækjum, stjórnvöldum og öðrum um framþróun í fræðslu. Aukið samtal við iðnaðinn gerir okkur kleift að fylgjast með helstu straumum og stefnum.

● Erum ábyrg og skilum traustum rekstri

Við sýnum ábyrgð í starfsemi og rekstri IÐUNNAR. Tryggjum að fjármunum sé vel varið til símenntunar og verkefna. Til að vinna að því byggjum við undir gagnsæi í okkar rekstri þannig að kostnaðarvitund starfsmanna og stjórnenda verði ávallt til staðar.

Sett var fram ítarleg aðgerðaráætlun fyrir hvern lið.



Markaðs- og kynningarmál

Nýr vefur ÍDUNNAR fræðsluseturs leit dagsins ljós á starfsárinu og samhliða honum var tekið í notkun nýtt umsýslu- og bókunarkerfi. Vefurinn umbýltir markaðsstarfi ÍDUNNAR á netinu.

Vefur ÍDUNNAR var hannaður og forritaður í samvinnu við Advania og byggir á Lísu vefumsjónarkerfinu. Við þróunina var sérstök áhersla lögð á aðgengi að efni og námskeiðum óháð tækjabúnaði. Vefurinn opnar líka á möguleika á miðlun stafræns námsefnis auk þess sem félagsmenn geta núna sótt allar upplýsingar um eigin námsferil á vefnum. Nýja bókunarkerfið eykur möguleikana á stafrænni markaðssetningu og aukinni þjónustu við félagsmenn.

Námsvísir ÍDUNNAR var gefinn út í upphafi vor- og haustanna eins og tíðkast. Upplagið var rúmlega 14.000 eintök í hvort skiptið. Sú breyting var gerð á uppsetningu námsvísisins að allar upplýsingar um þjónustu ÍDUNNAR, þ.e. aðra þjónustu en námskeiðahald, voru teknar saman í sérstökum kafla. Verklag við gerð námsvísis

hefur einnig breyst töluvert með tilkomu nýs bókunarkerfis og verður það þróað áfram á næsta starfsári.

Samfélagsmiðlar voru nýttir í almennu markaðsstarfi á árinu, fyrst og fremst Facebook en einnig Twitter og Instagram. ÍÐAN er þar að auki til staðar á YouTube og LinkedIn. Stefnt er að því að efla vinnslu á myndskleiðum sem m.a. verða til birtingar á félagsmiðlum.











ÍÐAN kynnti starfsemi sína með þátttöku í ýmsum viðburðum á starfsárinu. ÍÐAN var með bás á Menntadegi atvinnulífsins sem haldinn var fimmtudaginn 2. febrúar 2017 á Hilton. ÍÐAN var með á Mannauðsdeginum í Silfurbergi í Hörpu föstudaginn 28. október 2016 og var með bás á Íslandsmóti iðn- og verkgreina sem haldið var í Laugardalshöll í marsmánuði 2017.

Nýr vefur ÍDUNNAR opnar á möguleika á miðlun stafræns námsefnis auk þess sem félagsmenn geta núna sótt allar upplýsingar um eigin námsferil á vefnum.











Rúmlega
14.000
eintökum af Námsvísi ÍDUNNAR var dreift til félagsmanna bæði á vor- og haustönn.

ÍÐAN í tölum











Fjöldi námskeiða

2007		197
2008		240
2009		221
2010		216
2011		241
2012 - 2013		268
2013 - 2014		242
2014 - 2015		318
2015 - 2016		301
2016 - 2017		317











Fjöldi þátttakenda

2007		1.882
2008		2.191
2009		2.398
2010		2.643
2011		2.710
2012 - 2013		2.551
2013 - 2014		2.469
2014 - 2015		3.261
2015 - 2016		3.208
2016 - 2017		3.037











Fjöldi sveinsprófstaka

2007		542
2008		681
2009		639
2010		600
2011		485
2012		540
2013		481
2014		439
2015		448
2016		615

Fjöldi námssamninga

2007		607
2008		687
2009		507
2010		485
2011		589
2012		643
2013		650
2014		675
2015		681
2016		659

Eigið fé

2007		125
2008		158
2009		211
2010		260
2011		279
2012 - 2013		324
2013 - 2014		349
2014 - 2015		442
2015 - 2016		452
2016 - 2017		483



Metnar einingar

2007		2.294
2008		3.819
2009		6.236
2010		7.586
2011		7.474
jan - júní 2012		4.591
júlí 2012 - júní 2013		6.789
júlí 2013 - júní 2014		7.934
júlí 2014 - júní 2015		13.301
júlí 2015 - júní 2016		11.915
júlí 2016 - júní 2017		11.105

Fjöldi þátttakenda í raunfærnimati

2008		143
2009		171
2010		227
2011		234
jan - júní 2012		148
júlí 2012 - júní 2013		222
júlí 2013 - júní 2014		226
júlí 2014 - júní 2015		283
júlí 2015 - júní 2016		211
júlí 2016 - júní 2017		193






Fræðslustyrkir 2016 - 2017

	Fjöldi	Kr.
Bílgreinasvið	12	417.126
Bygginga- og mannvirkjasvið	16	104.229
Matvæla- og veitingasvið	22	171.997
Málm- og véltæknisvið	41	745.053
Prent- og miðlunarsvið	5	253.424
Samtals	96	1.691.829

Fræðslustjóri að láni 2016 - 2017

	Fjöldi	Kr.
Bílgreinasvið	2	410.000
Bygginga- og mannvirkjasvið	1	364.000
Matvæla- og veitingasvið	1	42.000
Málm- og véltæknisvið	3	811.000
Prent- og miðlunarsvið	1	28.000
Samtals	8	1.655.000



Fræðslustyrkir

Starfsmenntasjóðir á almennum vinnumarkaði sameinuðust um vefinn Áttina (www.attin.is) þar sem fyrirtæki geta á einfaldan og fljótlegan hátt sótt um fræðslustyrki til viðeigandi sjóða fyrir starfsfólk sitt. ÍÐAN fræðslusetur er hluti af Áttinni.

Fyrirtæki sem greiða endurmenntunargjöld til ÍÐUNNAR og eru í skilum eiga rétt á að sækja um fræðslustyrk vegna starfstengdra námskeiða. Styrkur ÍÐUNNAR til fyrirtækis, vegna fræðslu, getur að hámarki orðið 20% af greiddum iðgjöldum til ÍÐUNNAR á síðastliðnu almanaksári. Að jafnaði styrkir ÍÐAN 50% af kostnaði við fræðsluaðila vegna kennslu. Umsóknir fara allar í gegnum Áttina.

ÍÐAN er einnig þátttakandi í verkefninu Fræðslustjóri að láni, sem er markviss leið fyrir

fyrirtæki til að koma fræðslumálum sínum í ákveðinn farveg. Verkefnið byggist á að lána út ráðgjafa til fyrirtækja sem fer yfir fræðslu- og þjálfunarmál í samvinnu við stjórnendur og starfsfólk. Út frá þeirri greiningu er unnin fræðslu- og símenntunaráætlun fyrir viðkomandi fyrirtæki, sem unnið er eftir. Óski fyrirtæki eftir að fá fræðslustjóra að láni skerðir greiðsluþátttaka í því rétt fyrirtækja til fræðslustyrkja til samræmis við þá hámarksupphæð sem fyrirtækið getur sótt um.





Íslandsmót iðn- og verkgreina 2017

Íslandsmót iðn- og verkgreina var haldið í Íþrótt- og sýningarhöllinni í Laugardal dagana 16. - 18. mars 2017. ÍÐAN fræðslusetur var með kynningarbás í höllinni og tók auk þess þátt í framkvæmd fjölmargra keppnisgreina.







Nýjungar í fræðslustarfi

Nýjungar í málm- og véltæknigreinum

Málm- og véltæknisvið IDUNNAR studdi duglega við keppanda í Eyrópukeppni í málmsuðu (Euroskills) og stóð hann uppi með 447 stig af 600 mögulegum. Það er þokkalegur árangur miðað við að þetta er í fyrsta skipti sem við sendum keppanda í þessari grein á mótíð.

Í málm- og véltækniiðnaðinum á Íslandi (í reynd um allan heim) eru stöðugar nýjungar í gangi, bæði tæknilegar og einnig nýir staðlar sem málm- og véltæknifyrirtæki þurfa að aðlagast. Þess vegna hóf málm- og véltæknisviðið að bjóða uppá námskeið sem kallast ábyrgðarstjóri suðumála (Welding Coordinator). Suðuverkfræðingur frá Írlandi var fenginn til að halda námskeiðið og miðaðist það við staðalinn EN ISO 1090. Samkvæmt kröfum ESB þá er fyrirtækjum í málmsuðu byggingahluta skylt að hafa slíkan starfsmann.

Íslandsmótíð í málmsuðu var haldið á vegum málmsuðufélagsins í húsakynnum málm- og véltæknisviðs IDUNNAR og tókst vel til, aðal stuðningsaðili keppninar var KLIF hf. og eiga þeir þakkir skilið fyrir vegleg verðlaun og veitingar.

Þá studdi sviðið við keppanda í Eyrópukeppni í málmsuðu (Euroskills). Fékk hann 447 stig af 600 mögulegum eða um 75%. Það er þokkalegur

árangur miðað við að þetta er í fyrsta skipti sem við sendum keppanda í þessari grein á mótíð.

Málm- og véltæknisvið IDUNNAR sá um Íslandsmót iðngreina í vökvatækni, kælitækni og málmsuðu. Starfsmenn sviðsins ásamt starfsmönnum frá Samtökum Iðnaðarins, VM, Héðni, Framtaki og Marel sáu um alla framkvæmd og kynningu ásamt uppsetningu og niðurtöku á búnaði. Við viljum þakka þeim fyrir frábært og óeigingjarnt starf og þátttakendum í keppninni fyrir góða og skemmtilega keppni. Málmur, félag fyrirtækja í málmiðnaði, sá um vegleg verðlaun til handa keppendum sem lentu í 1. – 3. sæti.

Að venju voru fyrirtækjanámskeið veigamikill þáttur í starfsemi sviðsins. Flest námskeið sviðsins er hægt að halda í fyrirtækjum um allt land og viljum við benda mönnum á að kynna sér þau í námsvísi IDUNNAR.



*Byggingadagurinn
var haldinn í fyrsta
skipti í nóvember 2016*

Nýjungar í bygginga- og mannvirkjagreinum

Bygginga- og mannvirkjasvið efndi í fyrsta skipti til Byggingadags, 4. nóvember 2016 í húsnæði IÐUNNAR í Vatnagörðum 20. Yfirskrift dagsins var „Ódýrar Byggingar“ og komu 15 aðilar úr ýmsum greinum byggingariðnaðar og kynntu lausnir og aðferðir til að lækka byggingarkostnað. Yfir 300 manns sóttu Byggingadaginn. Hann verður framvegis haldinn á tveggja ára fresti.

Bygginga- og mannvirkjasvið bauð upp á 20 ný námskeið á starfsárinu. Um er að ræða námskeið um stjórnun og gæðakerfi og rekstur þeirra. Einnig voru í boði ný handverksnámskeið, fagnámskeið ýmissa greina, námskeið um efni, verkfæri og öryggismál. Tekist hefur mikil og góð samvinna við endurmenntun

Landbúnaðarháskólans og hafa verið í boði sjö námskeið sem haldin eru af þeim.

Nokkrar kynningar hafa verið haldnar í samvinnu við birgja og söluaðila byggingarefna og verkfæra. Þar hafa verið kynntar ýmsar nýjungar í greininni. Hið rúmgóða húsnæði IÐUNNAR í Vatnagörðum 20 kemur að góðum notum þegar haldnir eru slíkir viðburðir. IÐAN heldur úti verkefnum „Fræðslustjóri að láni“ í samvinnu við fræðslusjóði nokkurra greina. Slíkt verkefni var m.a. unnið fyrir umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar þar sem starfa iðnaðarmenn við fasteignaumsjón og garðyrkju. Hefur nokkur áhersla verið lögð á að kynna slík verkefni og fyrirtækjastyrki á vefsíðunni attin.is.

Nýjungar í matvæla- og veitingagreinum

Matvæla- og veitingasvið bauð fram fjölbreytt úrval námskeiða á starfsárinu. Námskeiðin voru ýmist haldin út í fyrirtækjunum, í Hótel- og matvæla- og veitingaskólunum, hjá IÐUNNI fræðslusetri og Verkmenntaskólanum á Akureyri. Hlutfall námskeiða sem haldin eru út í fyrirtækjum er vaxandi og var um 58% á síðasta starfsári. Námskeið sem haldin eru í fyrirtækjum eru aðlöguð að þörfum fyrirtækjanna í meira mæli og áherslur geta því verið ólíkar eftir atvikum og hópum. Í vaxandi mæli fer kennsla á námskeiðum matvæla- og veitingasviðs fram á ensku og pólsku og var á síðasta ári í 30% tilvika. Námskeið í fagtengdum þáttum sem fer fram á öðru tungumáli en íslensku krefst töluverðs undirbúnings en er að verða sífellt umfangsmeiri þáttur í starfi sviðsins.

Á síðasta starfsári voru haldin nokkur ný námskeið á sviðinu s.s. eins og námskeið í þörun bjórs við matrétti, námskeið um sveppi og sveppatínslu, nýtt námskeið um fæðuóþol og fæðuofnæmi. Um 120 kennslustunda nám var haldið fyrir kaffi og barþjóna og eins nám um vaktstjórn sem sett var upp fyrir millistjórnendur í veitingahúsum. Töluverður fjöldi fór á námskeið sem tengist innleiðingu á VAKANUM sem er hluti af gæðakerfi ferðapjónustunnar. Þessi námskeið tengjast innra eftirliti í eldhúsum, þjónustu og sölu í veitingahúsum og störfum þerna.





Dagur prents- og miðlunar var haldinn þann 27. janúar síðastliðinn í þriðja sinn. Þar er meginþema skemmtun og fræðsla. Haldin voru 24 stutt erindi um allt milli himins og jarðar og birgjar kynntu nýjungar.

Nýjungar í prent- og miðlunargreinum

Á prent- og miðlunarsviði IDUNNAR er mikið lagt upp úr því að bjóða reglulega upp á ný námskeið. Á haustmánuðum var bryddað upp nýjum örnámskeiðum sem við nefndum Snark. Þau eru aldrei lengri en hálfur dagur. Mæltist þetta fyrirkomulag vel fyrir meðal þátttakenda. Auk þess voru Masterclass námskeiðin vinsæl líkt og venjulega.

Í desember fór á vegum sviðsins Axel Fannar Friðriksson til keppni í grafískri miðlun á Euroskills 2016 í Gautaborg. Hjörtur Guðnason var dómari í grafískri miðlun. Keppnin fór í alla staði vel fram og stóðu Axel og félagar hans frá Íslandi sig einkar vel og voru landi og þjóð til sóma.

Á vormánuðum var mikið um að vera hjá sviðinu. Dagur prents- og miðlunar var haldinn þann 27. janúar síðastliðinn í þriðja sinn. Hann var með svipuðu sniði og árin á undan. Haldnir voru um það bil 24 stuttir fyrirlestrar þar sem samspil fræðslu og skemmtunar var í hávegum haft. Í lok

dags mætti Ari Eldjárn með uppistand og boðið var upp á veitingar ásamt léttri tónlist.

Áætlað er að um það bil 200-300 manns hafi sótt daginn. Hálfum mánuði síðar var haldinn prentmenntadagur á Norðurlandi. Hann var haldinn í samvinnu við Ásprent og Héraðsprent en starfsmenn þessara tveggja fyrirtækja taka þátt í menntadagskrá í heilan dag. Dagurinn hefur nú verið haldinn þrisvar sinnum.

Dagana 16.-18. mars síðastliðinn var Íslandsmót iðn- og verkgreina haldið í Laugardalshöll. Prent- og miðlunarsvið stóð fyrir keppni í grafískri miðlun. Keppendur stóðu sig feiknaveg og var mótið einkar vel heppnað. Sigurvegari í grafískri miðlun var Embla Rún Gunnarsdóttir.

Heilt yfir var mikið um að vera í starfi sviðsins á árinu og unnið að frekara samstarfi við skylda aðila í okkar greinum.



Nýjungar í bíliðngreinum

Bílgreinin hefur ávallt verið í stöðugri framþróun en líklega aldrei eins hratt og nú. Það sem er nýtt í dag getur orðið úrelt á morgun. Framtíðin í bílgreinum er spennandi og miklar umræður hafa verið um nýja orkugjafa s.s. rafmagn og vetni og einnig hefur umræða um sjálfakandi bíla verið mikil og hvort þeir séu á næsta leiti.

Bílgreinasvið IDUNNAR hefur eftir fremsta megni reynt að bjóða upp á námskeið sem tengjast þessum nýjungum. Þar má nefna áframhaldandi áherslu á námskeið tengd rafmagnsbílum enda mikil aukning í sölu á bæði rafmagns og hybrid bílum. Boðið var upp á fjögur námskeið á vorönn 2017 tengd rafmagnsbílum, eitt varðandi tjónaða rafmagnsbíla og svo þrjú tegundabundin.

Boðið var upp á nýtt námskeið sem kallast AdBlue en þar var farið yfir virkni SCR kerfa í bílum sem uppfylla mengunarstaðla Euro V og Euro VI og skoðuð áhrif lagalegra og tæknilegra atriða á mengun díselhreyfla. Útblástursmengun díselbíla hefur mikið verið í umræðunni og því við hæfi að bjóða upp á slíkt námskeið.

Starfsmenn IDUNNAR fóru til Gautaborgar til að fylgjast með Evrópsku nemakeppninni EUROSILLS sem fram fór 1.-3. desember 2016 og var sviðstjóri bílgreina með í för. Enginn Íslendingur keppti í bílgreinum að þessu sinni en það er markmiðið að senda út keppanda fyrir hönd Íslands á næstunni.

Á vorönn 2017 var byrjað að bjóða uppá endurmenntunarnámskeið fyrir atvinnubílstjóra. Atvinnubílstjórar þurfa nú að hafa klárað fimm námskeið áður en þeir endurnýja réttindi sín á fimm ára fresti og ákvað IDAN að vera eitt af þeim fyrirtækjum sem bjóða upp á slíkt námskeið til að þjónusta flutningsgreinina betur. Námskeiðin mæltust vel fyrir og voru nemendur ánægðir með kennsluna.

Bílgreinasviðið sinnti einnig hefðbundinni þjónustu við bílgreinina eins og svo oft áður með ráðgjöf, vottunum, úttektum og ýmsu öðru sem kemur á borð Bílgreinasviðs IDUNNAR.

Sigurður Svavar Indriðason tók við sem sviðstjóri bílgreinasviðs í byrjun sumars 2017. Sigurður er með MSc í Bifreiðaverkfræði frá Chalmers University of Technology í Svíþjóð og einnig sveinsbréf í bæði bifvélavirkjun og bifreiðasmíði.

Sigurður Svavar Indriðason tók við sem sviðsstjóri bílgreinasviðs í byrjun sumars 2017.

Símenntun

Námsvísir IÐUNNAR fræðsluseturs kemur út tvisvar á ári og er dreift til félagsmanna og fyrirtækja. Upplagið er rúmlega 14.000 eintök í hvort skipti og fer stækkandi. Markpóstur er reglulega sendur á póstlista hjá öllum sviðum, sem hefur gefist vel. Skráning á námskeið fer að stærstum hluta til fram á vefnum.

Félagsmenn eiga kost á ferðastyrk til að sækja námskeið og eru allar upplýsingar og reglur varðandi styrkveitingar birtar á vef IÐUNNAR. Skilyrði fyrir styrkveitingu er að greidd hafi verið símenntunargjöld af styrkþega til IÐUNNAR.

Flest námskeiðin eru haldin í húsnæði IÐUNNAR, að Vatnagörðum 20, í Reykjavík.

Á starfsárinu 2016-2017 voru haldið alls 317 námskeið. Fjöldi þátttakenda var samtals 3.038.

Fjöldi þátttakenda og námskeiða IÐUNNAR haust 2016

	Haldin námskeið	Fjöldi þátttakenda	Kennslu- stundir	Heildar kennslustundir
Bílgreinasvið	14	141	232	2.834
Bygginga- og mannvirkjasvið	58	514	682	5.987
IÐAN námskeið	22	177	153	754
Matvæla- og veitingasvið	16	149	196	1.839
Málm- og véltæknisvið	24	394	448	3.625
Prent- og miðlunarsvið	7	39	90	570
Samtals	141	1.414	1.801	15.609

Á haustönn 2016
var haldið 141
námskeið og
þátttakendur voru
samtals 1.414

Fjöldi þátttakenda og námskeiða IÐUNNAR vor 2017

	Haldin námskeið	Fjöldi þátttakenda	Kennslu- stundir	Heildar kennslustundir
Bílgreinasvið	20	163	221	1.747
Bygginga- og mannvirkjasvið	73	653	610	4.598
IÐAN námskeið	11	32	45	128
Matvæla- og veitingasvið	23	427	223	2.598
Málm- og véltæknisvið	31	139	693	4.411
Prent- og miðlunarsvið	18	209	82	702
Samtals	176	1.623	1.874	14.184

Á vorönn 2017 voru
haldin 176 námskeið
og þátttakendur voru
samtals 1.623.



Fjöldi félagsmanna á námskeiðum IÐUNNAR haust 2016

	Félagsmenn	Aðrir	Félagmenn sem % af heild hvers sviðs
Bilgreinasvið	124	17	88%
Bygginga- og mannvirkjasvið	303	211	59%
IÐAN námskeið	133	44	75%
Matvæla- og veitingasvið	106	43	71%
Málm- og véltækisvið	342	52	87%
Prent- og miðlunarsvið	28	11	72%
Samtals	1.036	378	73%


*Þátttakendur á
haustönn 2016 voru
1.036 og 73% þeirra
voru félagsmenn.*

Fjöldi félagsmanna á námskeiðum IÐUNNAR vor 2017


	Félagsmenn	Aðrir	Félagmenn sem % af heild hvers sviðs
Bilgreinasvið	118	45	72%
Bygginga- og mannvirkjasvið	448	205	69%
IÐAN námskeið	25	7	78%
Matvæla- og veitingasvið	311	116	73%
Málm- og véltækisvið	130	9	94%
Prent- og miðlunarsvið	200	9	95%
Samtals	1.232	391	76%

*Þátttakendur á
vorönn 2017 voru
1.232 og 76% þeirra
voru félagsmenn.*


Mynd 1. Fjöldi einstaklinga í raunfærnimat.



Mynd 2. Fjöldi staðinna eininga.



Mynd 3. Heildarfjöldi ráðgjafaviðtala.



Náms- og starfsráðgjöf

Starfsfólki í iðn- og verkgreinum býðst náms- og starfsráðgjöf hjá IÐUNNI til að skoða möguleika sína í námi og starfsþróun. Markmið ráðgjafarinnar er að stuðla að auknum árangri í námi og starfi og er ráðgjöfin gjaldfrjál.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins gerir samning við IÐUNA ár hvert en í honum felst að bjóða fólki á vinnumarkaði og atvinnuleitendum með litla grunnmenntun, náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimat.

Náms- og starfsráðgjafar IÐUNNAR eru fjórir og hafa þeir sinnt raunfærnimati og náms- og starfsráðgjöf en að auki tekið þátt í verkefninu Fræðslustjóri að láni og farið í fyrirtækjaheimsóknir. Jafnframt er náms- og starfsráðgjöfin þátttakandi í verkefninu VISKA sem er Erasmus KA3 stefnumótunarverkefni, ásamt Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA). IÐAN og FA stýra verkefninu hérlandis fyrir hönd Mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Samstarfslönd í VISKA verkefninu eru Noregur (norska menntamálaráðuneytið), Belgía (flæmska menntamálaráðuneytið), og Írland (Quality and Qualifications Ireland-QQI, Cork Institution of Technology-CIT, Education and Training Boards Ireland-ETB). Verkefnið er til 3ja ára, hófst í febrúar 2017 og lýkur 2020. Í

VISKA verkefninu er áhersla lögð á að þróa viðmið og aðferðir til að draga fram og meta þekkingu, leikni og færni fullorðinna, sérstaklega með innflytjendum/flóttafólk í huga. Stuðla á að heildrænu og aðgengilegu raunfærnimatskerfi sem gagnast getur þessum hópi.

Árangur í starfi

Raunfærnimat er góður kostur fyrir fólk sem hefur reynslu úr atvinnulífinu en stutta formlega skólagöngu. Með því að fara í raunfærnimat gefst einstaklingum tækifæri til að sýna fram á reynslu og færni í starfi. Matið getur styrkt stöðu einstaklinga á vinnumarkaði og eftt sjálftraust þeirra ásamt því að stytta mögulega nám til sveinsprófs eða starfsréttinda. Raunfærnimat hefur náð að sanna sig og festa sig í sessi í samfélaginu. Inntökuskilyrðin eru þau að einstaklingur þarf að vera 23 ára eða eldri og hafa a.m.k. þrjú ára starfsreynslu úr viðkomandi grein og er þá miðað við fullt starf.



*119 fyrirtæki voru
heimsótt á liðnu starfsári
og heildarfjöldi heimsókna
er kominn í 669.*

Á starfsárinu var haldið áfram að nota SKYPE forritið í matssamtölum í raunfærnimatinu og hafa stöðugt fleiri þátttakendur óskað eftir því. Þetta hefur reynst góð leið til að koma til móts við þátttakendur á landsbyggðinni. Ekki hefur þó verið hægt að nota það í öllum greinum því aðferðir við matið eru mismunandi.

Á starfsárinu (júlí 2016 - júní 2017) var unnið raunfærnimat í 20 greinum þar af einni nýrri; grafískri miðlun. Alls fóru 193 einstaklingar í raunfærnimat (mynd 1) og fjöldi staðinna eininga á árinu var 11.105 (mynd 2). Ánægjulegt er að segja frá því að metnar hafa verið um 85.000 einingar hjá IÐUNNI síðan árið 2007 en það samsvarar um 4.200 önnum í fullu námi. Heildarfjöldi viðtala á starfsárinu var 2.234 (mynd 3).

IÐAN reynir af fremsta megni að fylgja eftir þeim sem taka þátt í raunfærnimatinu. Fjöldi þeirra sem lokið hafa námi eftir raunfærnimat er rúmlega 600. Þar sem eftirt er að hafa yfirsýn yfir aðrar greinar en löggiltar iðngreinar gæti útskrifaður hópur þó verið stærri. Margir eru nú í námi að loknu raunfærnimati en því miður stækkar hópurinn sem fer ekki í nám eða hættir í námi. Námsframboð hentar þátttakendum í raunfærnimati misjafnlega vel en margir sækja þó í dreifnám þar sem slíkt er í boði.

Gott samstarf er við símenntunarmiðstöðvar landsins og er reynt að bjóða raunfærnimat víðsvegar um landið eftir því sem kostur er. Að þessu sinni voru unnin raunfærnimatsverkefni í samvinnu við flestar símenntunarmiðstöðvar á landinu.

Netkönnun er send til þátttakenda í raunfærnimati ár hvert og leitað eftir viðhorfum þeirra til raunfærnimatsins og náms að því loknu. Niðurstöður síðasta starfsárs eru með líkum hætti og fyrri ár þar sem almenn ánægja er með raunfærnimatið, ráðgjöfina og ferlið í heild sinni.

Fyrirtækjaþjónusta

Fyrirtækjaþjónustan hefur skapað sér ákveðinn sess hjá IÐUNNI. Í henni felst að náms- og starfsráðgjafi og sviðstjóri heimsækja fyrirtæki. Þar er farið yfir námsframboð IÐUNNAR, boðið upp á sérsniðin námskeið, raunfærnimat kynnt og boðið upp á einstaklingsviðtöl fyrir starfsfólk. Á síðasta starfsári voru 119 fyrirtæki heimsótt víðsvegar um landið. Hafa heimsóknirnar borið mikinn árangur þar sem margir einstaklingar hafa til dæmis sótt námskeið og farið í raunfærnimat í kjölfarið.

Samstarf við Vinnuálastofnun hélt áfram á starfsárinu og haldnar voru þrjár suðusmiðjur fyrir atvinnuleitendur, ein MIG/MAG smiðja og tvær TIG smiðjur.

IÐAN fræðslusetur hlaut 1. verðlaun á alþjóðlegri VPL Biennale raunfærnimatsráðstefnu sem haldin var í Árósum í apríl síðastliðinn en sex önnur lönd voru tilnefnd til verðlaunanna. Verðlaunin hlaut IÐAN fyrir framúrskarandi verkefni í raunfærnimati. Það sem vóg þar þyngst, að mati dómnefndar, var meðal annars að raunfærnimatið hjá IÐUNNI hefur náð að festa sig í sessi. Jafnframt var horft til þess að við framkvæmd raunfærnimatsins fylgir IÐAN ákveðnu ferli og hefur gert frá upphafi. Þá horfði dómnefnd einnig til þess að IÐAN er að ná til margra af þeim sem annað hvort hefja ekki nám í framhaldsskóla eða hætta námi af einhverjum ástæðum. Á Íslandi er há tíðni brotthvarfs úr framhaldsskólum og mikilvægt er að ná til sem flestra. Dómnefnd þótti það einmitt gefa góða raun að einstaklingar sem hafa farið í gegnum raunfærnimat og fengið færni sína metna hafi kost á að ljúka námi að mati loknu. Margir af þeim sem hafa farið í gegnum raunfærnimat á vegum IÐUNNAR hafa lokið sveinsprófi eða fagprófi í sinni grein og töluverður fjöldi hefur haldið áfram námi eftir það, annað hvort tekið meistarárættindi í iðngreinum, farið í háskólanám eða annað nám. Ljóst er að þessi verðlaun eru mikil hvatning fyrir áframhaldandi vinnu við raunfærnimat í iðngreinum.

Sveinspróf

IDAN hefur umsjón með sveinsprófum í um 30 löggiltum iðngreinum. Árið 2016 voru samtals 615 nemar samþykktir í sveinspróf í þeim iðngreinum sem IDAN þjónar.

Jafnframt veitir IDAN sveinsprófsnefndum þessara löggiltu iðngreina þjónustu með skráningu nemenda í sveinspróf, við undirbúning prófa og aðstoð við gerð verklagsreglna um framkvæmd prófa. IDAN aðstoðar nemaleyfisnefndir við störf þeirra við mat á fyrirtækjum sem sækja um heimild til þess að taka nema á námssamning.

IDAN hefur staðið fyrir kynningum á gæðahandbók fyrir sveinsprófsnefndir. Tilgangurinn með handbókinni er að lýsa hlutverki og tilgangi nefndanna, ásamt því að lýsa verklagi með það að leiðarljósi að auka gæði og gagnsæi við framkvæmd prófanna.

Alls starfa á fjórða tug nefnda í þeim löggiltu iðngreinum sem IDAN þjónar með á annað hundrað nefndarmenn.

615

nemar voru samþykktir
í sveinspróf í þeim
iðngreinum sem
IDAN þjónar

Iðngrein	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016
Almenn ljósmyndun	3	6	8	3	4	5	5
Bakaraíðn	7	4	2	8	4	8	6
Bífreiddasmíði	9	10	10	3	3	2	4
Bífvélavirkjun	35	27	27	59	47	40	51
Bílamálun	7	9	12	10	10	8	8
Blikksmíði	4	1	5	5	5	4	8
Bókband		3	2			3	1
Framreiðsluðn	7	12	10	25	24	21	26
Gull- og silfursmíði	5	3	6	10	7	3	8
Hársnyrtiðn	74	49	68	23	29	28	50
Húsasmíði	170	92	112	72	78	92	110
Húsgagnabólstrun					1		1
Húsgagnasmíði	2	3	0		4	6	12
Kjólasmur	11	6	15	11	9	8	7
Kjötiðn	2	4	4	3	3	9	11
Klæðskurður		6	9	8	5	8	4
Konditor							0
Matreiðsla	39	27	42	39	30	37	55
Málaraiðn	25	23	22	17	15	18	25
Málmsuða			0				0
Múraraíðn	12	10	7	4	4	5	13
Netagerð			0	2	2	4	8
Pípulagnir	39	37	31	21	21	10	22
Prentsm./grafísk miðlun	1	8	6	11	11	7	10
Prentun			1			1	3
Rennismíði	5	6	9	4	4	6	7
Skipa og bátasmíði							0
Skósmíðaiðn			0		1		0
Snyrtifræði	49	36	41	47	37	37	21
Stálsmíði		5	12		4		0
Söðlasmíði	1		0	4		5	5
Úrsmíði	1		1				0
Veggfóðrun	2	1	0	1	1		0
Vélvirkjun	90	97	78	91	76	73	134
Samtals	600	485	540	481	439	448	615

Náms- samningar

ÍÐAN rekur umfangsmikla þjónustu við nemendur í verknámi. Fyrirtækið sér um gerð námssamninga og heldur utan um skrár yfir nemendur í vinnustaðanámi fyrir um 30 löggiltar iðngreinar.

Þjónusta ÍÐUNNAR fræðsluseturs felst í því að taka á móti umsóknum um gerð námssamninga, meta fylgigögn og áætla námslok nema. Samningsaðilar fá námssamninga senda. Þegar nemi og meistari hafa skrifað undir samninginn og hann verið samþykktur af skólanum er hann staðfestur af ÍÐUNNI fræðslusetri.

Í töflunni hér til hliðar er yfirlit yfir fjölda námssamninga sem staðfestir hafa verið árin 2010 - 2016.

Töluverð brögð eru að því að umsóknir um námssamninga verði aldrei að staðfestum námssamningum. Kemur þar margt til, t.d. að fullnægjandi gögn berast ekki með umsókn, nemi hættir í námi eða námssamningur kemur ekki til staðfestingar þó hann hafi verið sendur til nema og meistara.

Iðngrein	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016
Almenn ljósmyndun	1	9	8	7	6	4	1
Bakaraíðn	7	16	7	14	12	9	15
Bifreiðasmíði	12	3	9	5	5	3	5
Bifvélavirkjun	29	29	47	52	38	48	48
Bílamálun	6	7	16	9	8	9	9
Blikksmíði	3	1	9	8	5	18	6
Bókband		1					1
Framreiðsluáætlun	24	40	38	37	45	45	47
Gull- og silfursmíði	5	4	12	3	2	5	1
Hársnyrtiíðn	64	57	52	47	43	51	41
Húsasmíði	77	79	73	81	103	96	94
Húsgagnabólstrun		1	1	0	2	0	0
Húsgagnasmíði	1	1	7	7	6	11	12
Kjólasmíði	8	9	17	12	12	12	4
Kjötiðn	8	11	14	14	13	7	8
Kjötsturður						5	0
Klæðskurður		8	8	5	7	2	2
Konditor		1		0		0	0
Matreiðsla	62	107	136	135	129	147	140
Málaraiðn	8	23	12	17	14	15	18
Mjólkuríðn	2	7		0		0	4
Múraraíðn	12	9	8	5	12	9	11
Netagerð		2	4	5	4	5	11
Pípulagnir	22	29	18	28	28	28	31
Prentsmíð og grafísk miðlun	4	11	5	12	10	9	9
Prentun			4	0		1	1
Rennismíði	4	3	10	6	11	6	8
Skípa- og bátasmíði	1			0		0	0
Skósmíði		1		1	1	1	0
Snyrtifræði	43	43	52	46	52	41	31
Söðlasmíði				0		0	0
Stálsmíði	4	10	15	1	10	8	7
Úrsmíði			1	9		0	1
Veggfóðrun og dúkl.		1		0	1	1	0
Vélvirkjun	73	66	60	84	96	85	93
Samtals	485	589	643	650	675	681	659



Þróunarverkefni

European Quality Assurance in Mobility (EQAMOB)

Árið 2014 sóttu aðilar úr EuroApprentices netverkinu sem IÐAN er aðili að um ERASMUS + verkefni til að kanna hvernig best væri að styðja við fyrirtæki sem taka þátt í Erasmus+ námsmannaskiptum.

EQAMOB samstarfið þróaði EQAMOB & CO merki sem veitir fyrirmyndar fyrirtækjum viðurkenningu fyrir starfsþjálfun erlendra nema og fyrir að hvetja íslenska nema til að taka hluta af vinnustaðanámi sínu erlendis. Markmiðið með að veita viðurkenningu fyrir hágæða starfsþjálfun er að:

- Veita upplýsingar um möguleika og tækifæri sem felast í námsmannaskiptum í Evrópu.
- Efla gæðavitund og fyrirtæki í iðnaði.
- Veita merki sem hægt er að vísa í til staðfestingar á því að fyrirtækið sem um ræðir bjóði námsfólki í iðnaði uppá hágæða móttöku, þjálfun og leiðsögn á meðan á námsdvölinni stendur.
- Veita fyrirtækjum sem taka þátt í námsmannaskiptum í Evrópu stuðning og þjónustu.

Verkefninu lauk á haustmánuðum en nú er unnið að því að innleiða viðurkenningakerfið í vinnulag okkar varðandi námsmannaskiptin.



„Þetta var ótrúleg reynsla, og í sannleika sagt líklega ein sú besta sem ég hef upplifað. Ég get mælt með þessari reynslu. Erasmus+ styrkurinn gerði mér kleift að fara og svo þakka ég fyrir alla þá aðstoð sem ég fékk á leiðinni. Þetta tækifæri hefur aukið starfsmöguleika mína sem og haft áhrif á mitt líf. Takk innilega fyrir mig!“

James Frederick Frigge – Matreiðslumaður

EQA MOB & CO



Erasmus+ samstarfsverkefni - European Car Painting – Education and Motivation

Verkefninu lauk í ágúst 2017 og fjallaði um hvernig hægt sé að hvetja ungt fólk til að leggja stund á iðn- og starfsnám. Rætt var sérstaklega um menntunarfærir í bílamálun og leiðir til að efla tengsl þeirra sem kenna og starfa á sviðinu.



Erasmus+ námsmannaskipti

Þrjú verkefni sem standa að námsmannaskiptum eru í gangi ICELANDIC APPRENTICES IN EUROPE II sem lauk í ágúst á þessu ári, ICELANDIC APPRENTICES IN EUROPE III og ICELANDIC APPRENTICES and Staff IN EUROPE I. Á þessu tímabili hafa um 34 iðnnemar, nýsveinar og starfsmenn IÐUNNAR farið til níu landa, Þýskalands, Danmerkur, Finnlands, Noregs, Bretlands, Svíþjóðar, Ítalíu, Póllands og Frakklands í matreiðslu, framreiðslu, kjötiðn, úrsmíði og grafískri miðlun.

Á sama tíma tók IDAN á móti 52 evrópskum iðnnemum og fagmönnum frá Þýskalandi, Frakklandi, Norður Írlandi, Bretlandi og Finnlandi í gull- og silfursmíði, matreiðslu, kjötiðn, bakstri, framreiðslu, bílamálun, bifreiðasmíði, bifvélavirkjun, grafískri miðlun og vélvirkjun.

Allir þátttakendur lýstu ánægju sinni með verkefnið. Nemarnir nefndu sérstaklega eftirfarandi atriði: Mikil ánægja með hvað þau fengu að gera mikið, góður vinnuandi, frábær aðbúnaður, góð leiðsögn. Fulltrúar fyrirtækjanna lýstu ánægju sinni með hvað iðnnemarnir væru vel undirbúnir, þægilegir í umgengni, kurteisir og vinnusamir.

Nánari upplýsingar á <http://idan.is/styrkir-til-vinnustadanams-idan>

„Húsgagnasmíði Finnlandsdvölin var frábær. Mjög áhugavert að fá að starfa við húsgagnasmíði í landi þar sem löng hefð er fyrir smíði húsgagna úr efnivið sem vex í nærumhverfinu. Fjölbreytt verkefni og áhugaverð nálgun, hollt og gott að fá nýja sýn á þá grein sem maður stundar.“

Erna Ástþórsdóttir - Húsgagnasmíði



VISKA - evrópuverkefni um aukinn sýnileika á starfshæfni innflytjenda

IDAN fræðslusetur og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) hlutu í mars s.l. styrk úr Erasmus+ menntaáætlun Evrópusambandsins fyrir verkefnið Visible Skills of Adults (VSKA). Um er að ræða Erasmus KA3 stefnumótunarverkefni sem FA og IDAN stýra hér á landi fyrir hönd mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Rannís hafði umsjón með mótun verkefnisins.

Heildarfjármagn til verkefnisins er 1.8 milljónir Evra. Það dreifist á fjögur þáttökulönd sem auk Íslands eru Belgía, Írland og Noregur - en það er Skills Norway sem leiðir heildarverkefnið. VSKA er tilrauna- og rannsóknarverkefni sem beinir sjónum að því forgangsatríði í stefnu Evrópusambandsins að efla starfshæfni innflytjenda með því að meta færni þeirra og auka þar með möguleika þeirra á því að fá störf við hæfi og hlúa þannig að félagslegri aðlögun. Miðað er að því að þróa og efla tengslanet hagsmunaaðila og þróa verkfæri sem gera færni innflytjenda sýnilegri. Verkefnið er til þriggja ára og lýkur í byrjun árs 2020. Niðurstöður verkefnisins koma til með að nýtast við stefnumótun landanna í málaflökkunum.

Mat og viðurkenning á erlendra menntun og starfsreynslu

Umsóknnum fjölga um mat og viðurkenningu á erlendra menntun og starfsreynslu. Á síðasta starfsári sóttu 39 umsækjendur um mat og viðurkenningu en 62 á þessu tímabili.





Vinnustaðanámssjóður


Mennta- og menningarmálaráðuneytið úthlutaði í fyrsta sinn úr Vinnustaðanámssjóði til fyrirtækja sem voru með nema á námssamningi haustið 2011.

Árið 2016 fengu 112 fyrirtæki styrki fyrir 482 nema. Lokafrestur til að sækja um styrki fyrir árið 2017, er 14. nóvember nk. á heimasíðu Rannís

Markmiðið með styrkjunum er að hvetja fyrirtæki og stofnanir til þess að taka við nemendum sem stunda vinnustaðanám sem hluta af námi á framhaldsskólastigi og gera þeim kleift að hefja og/eða ljúka því. Rétt til að sækja um styrk eiga fyrirtæki eða stofnanir sem bjóða vinnustaðanám samkvæmt ákvæðum aðalnámskrár framhaldsskóla og hafa á að skipa hæfum tilsjónaraðila sem ber ábyrgð á námi nemanda á vinnustað. Umsækjendur skulu uppfylla almenn skilyrði gildandi reglugerðar um námssamninga og starfsþjálfun hvað varðar hæfi til að annast nemendur í starfsnámi. Mennta- og menningarmálaráðuneytið fól Rannís að halda utan um umsóknarferlið og auglýsa styrkina haustið 2013. Upphaflega var úthlutað úr sjóðnum tvisvar á ári, en frá og með 1. janúar 2014 var styrkurinn auglýstur fjórum sinnum á ári. Vorið 2016 voru gerðar breytingar

á verklagsreglum sjóðsins og hefur verið leitast við að einfalda umsóknar- og styrkferlið fyrir fyrirtæki. Í kjölfar þessara breytinga var ákveðið að auglýsa styrkina einu sinni á ári. Árið 2016 fengu 112 fyrirtæki styrki fyrir 482 nema. Lokafrestur til að sækja um styrki fyrir árið 2017, er 14. nóvember nk. á heimasíðu Rannís.

Hlutverk IÐUNNAR er að staðfesta að vinnustaðurinn uppfylli skilyrði um nemaleyfi, að fyrir liggja staðfesting þess að neminn sé á námssamningi og í vinnustaðanámi. Að lokinni greiningu á umsóknum eru upplýsingar sendar til Rannís sem svarar umsækjendum. IÐAN annast síðan útborgun styrkja í umboði Rannís samkvæmt úthlutunarreglum. Að lokinni úthlutun sendir IÐAN yfirlit um afgreiðslu styrkja.



EuroSkills 2016

EuroSkills, Evrópukeppni iðn- og verkgreina, fór fram í Gautaborg í Svíþjóð dagana 1. - 3. desember 2016. Keppendur voru um 500 talsins frá 28 löndum í Evrópu og kepptu þeir í 40 iðngreinum. Verkið – Skills Iceland sendi þátttakendur í sjö iðngreinum til Svíþjóðar fyrir Íslands hönd. Mótið var mikil þolraun fyrir alla sem að komu, keppendur, dómara og sjálfbóðaliða. Íslensku keppendurnir stóðu sig feikna vel á mótinu þó þeir hafi ekki komist á verðlaunapall.

Keppnin var öll hin glæsilegasta eins og von var á og svo sannarlega mikið hægt að læra af svona stórum viðburði. Í því skyni fór hópur starfsmanna á vegum ÍDUNNAR til Svíþjóðar að kynna sér framkvæmdina, m.a. til að nýta á Íslandsmóti iðn- og verkgreina sem haldið var í mars 2017. Nýttist ferðin mjög vel og komu starfsmenn heim með fjölda hugmynda og margskonar hagnýt ráð í farteskinu.

Í ferðinni var tækifærið notað til að heimsækja hugbúnaðarfyrirtækið MeAnalytics, sem stendur að þróun LoopMe hugbúnaðarins. LoopMe er mjög athygliverð hugbúnaðarlausn til að efla samskipti og framkvæmd á vinnustaðanámi. Hópurinn heimsótti einnig Göteborgs Tekniska College sem er framhaldsskóli, rekinn í samstarfi Gautaborgar og Volvo verksmiðjanna.





IDAN
fræðslusetur

Vatnagörðum 20
104 Reykjavík

Sími 590 6400
Fax 590 6401

idan@idan.is
www.idan.is